

ÁRSKÓGARSKÓLI  
DALVÍKURBYGGÐ



## Sjálfsmatsskýrsla



Árskógarskóli leik- og grunnskóli  
1. starfsár 2012-2013  
júní 2013

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Samantekt .....	4
Ágúst .....	4
September .....	4
Október .....	6
Nóvember .....	7
Desember .....	8
Janúar .....	8
Febrúar .....	9
Mars .....	9
Apríl .....	10
Maí .....	10
Júní .....	11
Lokaorð .....	12

## Inngangur

Á fyrsta starfsári 2012-2013 nýs Árskógarskóla leik- og grunnskóla var sett fram [áætlun um innra mat](#) og henni fylgt með smávægilegum breytingum. Með þróun skólans tekur matsáætlunin á sig skýrari mynd þar sem matsþættir bætast við og þróast. Ný áætlun fyrir veturinn 2013-2014 verður tilbúin í ágúst.

Samkvæmt *Lögum um leikskóla 90/2008 og grunnskóla 91/2008* er gert ráð fyrir bæði **innra og ytra mati** og eftirliti á gæðum starfs hvers skóla. Með innra mati er átt við sjálfsmat skólans. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi skóla sem unnin er af utanaðkomandi aðilum s.s sveitarfélögum og/eða menntamálaráðuneyti.

### **Innra mat á árangri og gæðum**

Innra mat á að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að auknum gæðum, umbótum og þróunar á starfi hans. Innra mat er samofið daglegu starfi skóla og er m.a. til þess að efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og til að auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Kennarar, foreldrar og börn eru mikilvægustu þátttakendurnir. Kennarar skipuleggja og framkvæma innra mat en skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd þess og fylgir eftir umbótum (Aðalnámskrá, almennur hluti, 2011).

Stjórnendur og starfsfólk funda eins og þörf krefur til að meta niðurstöður innra mats og vinna í framhaldinu að tillögum til úrbóta fyrir einstaklinga og hópa eða benda öðrum á hvað má læra af góðum árangri skólans. Niðurstöður innra mats eru nýttar til jákvæðrar þróunar skólans og koma leiðir til úrbóta fram í úrbótaáætlun eftir samráð starfsfólks og skóla- og foreldraráðs.

Skýrslan er unnin af stjórnendum í júní 2013.

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, skólastjóri

Hjördís Jóna Bóasdóttir, deildarstjóri

## Samantekt

Í þessari fyrstu sjálfsmatsskýrslu nýs Árskógarskóla er samantekt á helstu niðurstöðum eftir mánuðum og því mati sem þar var fyrir hendi á fyrsta starfsári skólans. Fyrsta starfsárið voru 14 starfsmenn við störf í um 9 stöðugildum, 21 barn á leikskólastigi og 25 börn á grunnskólastigi í 1.-7. bekk.

## Ágúst

Allir foreldrar beggja skólastiga mættu í viðtal til kennara barns þar sem farið var yfir ýmsar upplýsingar varðandi skólagönguna, um starf hins nýja skóla, fyrirkomulag, ýmsar skráningar gerðar og í sameiningu lagt mat á nám, kennslu og þarfir hvers og eins, rætt um ábyrgð og skyldur skólans, foreldra og nemenda.

## September

**Samræmd könnunarpróf** í 4. og 7. bekk fóru fram. Framkvæmdin gekk vel og niðurstöðurnar voru nýttar til þess að meta hvern og einn og staðsetja enn frekar í námi. Sérkennari greindi niðurstöðurnar og kom með tillögur að leiðum til að mæta þörfum hvers og eins.

4. bekkur	Stærðfræði	Íslenska
Landið	6,9	6,1
Kjördæmið	6,8	6,1
<b>Árskógarskóli</b>	<b>7,5</b>	<b>7,0</b>

7. bekkur	Stærðfræði	Íslenska
Landið	6,9	6,6
Kjördæmið	6,6	6,5
<b>Árskógarskóli</b>	<b>6,4</b>	<b>6,3</b>

Hér má sjá meðaleinkunnir Árskógarskóla samanbornar við meðaltöl kjördæmisins og landsins í heild.

**Hljóm 2** er próf til að kanna hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólastigs, var framkvæmt í september. Athugunin byggir á hugmyndum um tengsl málþroska við síðari lestrarfærni og þátt þjálfunar hljóðkerfisvitundar í fyrirbyggjandi starfi. Markmið þessara athuguna er að vera með snemmbæra íhlutun hjá þeim börnum sem eru stutt á veg komin hvað þessa þætti varðar. Þá er litið á það sem hlutverk skólans í vinnu með eldri börnum á leikskólaaldri að þjálfa markvisst hljóð- og málvitund. Hér má sjá heildarniðurstöður barna sem tóku prófið.

Einstaklingar	A	B	C	D	E
Mjög slök færni			x		
Slök færni					
Meðal færni		x			x
Góð færni	x			x	

Út frá þessum niðurstöðum var ákveðið að fá foreldra með í markvissa vinnu hjá því barni sem kom út með mjög slaka færni. Einnig var farið í að vinna markvisst með þessa þætti í skólanum.

**Lestrarkönnun** allra nemenda 1.-7. bekkjar var framkvæmd. Niðurstöður voru nýttar til að staðsetja hvern og einn í lestrarnáminu og setja ný markmið. Heimalestrarbækur voru svo fundnar við hæfi hvers og eins.

## Október

Í október og í apríl (endurtekin) var lögð fyrir könnun **Skólapúlsins** fyrir nemendur í 6. og 7. bekk. Í þessari könnun er athuguð *Virgni nemenda í skólanum, Líðan nemenda, Skóla- og bekkjarandi*. Niðurstöðurnar eru settar fram á ítarlegan hátt fyrir október og apríl og má finna á [heimasíðu skólans hér](#). Samantekt og breyting milli mælinga er hér að neðan þar sem tölurnar eru **rauðar** ef breytingin er neikvæð og **grænar** ef breytingin er jákvæð.

### Virgni nemenda í skólanum

Matsþáttur	Breyting frá síðustu mælingu
<u>Ánægja af lestri</u>	<b>+0,34</b>
<u>Stjórn á eigin árangri</u>	<b>-0,41</b>
<u>Þrautseigja í námi</u>	<b>-0,23</b>
<u>Áhugi á stærðfræði</u>	<b>-0,43</b>
<u>Persónulegt gildi náttúruvísinda</u>	<b>+0,63</b>
<u>Íþróttir/líkamsrækt</u>	<b>+0,27</b>
<u>Trú á eigin vinnubrögðum í námi</u>	<b>+0,53</b>
<u>Trú á eigin námsgetu</u>	<b>-0,28</b>

### Líðan nemenda

Matsþáttur	Breyting frá síðustu mælingu
<u>Sjálfsálit</u>	<b>-0,14</b>
<u>Stjórn á eigin lífi</u>	<b>+0,58</b>
<u>Vanlíðan</u>	<b>-0,19</b>
<u>Kvíði</u>	<b>+0,09</b>
<u>Einelti</u>	<b>-0,28</b>

## Skóla- og bekkjarandi

Matsþáttur	Breyting frá síðustu mælingu
<u>Samsömun við nemendahópinn</u>	<b>+0,41</b>
<u>Samband nemenda við kennara</u>	<b>-0,22</b>
<u>Agi í tímum</u>	<b>+0,90</b>
<u>Stuðningur kennara við nemendur</u>	<b>-0,38</b>
<u>Virk þátttaka nemenda í tímum</u>	<b>+0,72</b>
<u>Mikilvægi heimavinnu</u>	<b>-0,06</b>

Þessar niðurstöður hjálpa skólanum við mat og úrbætur og mikilvægt að rýna þær gaumgæfilega. Þarna eru jákvæðir og neikvæðir punktar, jákvæðir eru meira áberandi og sérstaklega með líðan nemenda og samsömun við nemendahópinn en þess ber að geta að 6. og 7. bekkur var í samkenndu með 5. bekk sem tekur ekki þátt í þessum könnunum svo og einn nemandi úr 7. bekk. Mikil vinna var lögð í þennan hóp í vetur og miklar framfarir átt sér stað bæði námslega og félagslega. Fjórir kennarar komu að kenndu hópsins. Gott sjálfsmat nemenda sem hjálpar starfsfólki að gera enn betur á starfsári 2.

### Nóvember

**Leið til læsis** var lagt fyrir af kennara og sérkennara en það er stuðningskerfi í lestrarkennslu ætlað kennurum á yngsta stigi grunnskóla. Skimunin var lögð fyrir alla nemendur í 1.-4. bekk og eftirfarandi færniþættir kannaðir:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa og hljóðþekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund

Niðurstöður almennt gefa kennurum vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum, en um leið veitir prófið upplýsingar um nemendur sem gætu verið í

áhættuhópi vegna hugsanlegra erfiðleika við lestrarnám, annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda með lesskilning. Niðurstöður skimunarprófsins eru tengdar kennsluleiðbeiningum sem gera kennurum kleift að bregðast við með ólíkum hætti eftir því hvernig styrk- og veikleikar nemenda birtast í hverjum þessara færniþátta. Upplýsingar um hvern nemanda eru trúnaðarmál en á heildina litið er ljóst að efla þarf lestrarfærni og lesskilning almennt.

**Matsmappa** nemenda í 1.-7. bekk fór heim í fyrsta skipti. Nemendur og kennarar völdu verkefni í möppuna sem fóru heim til að sýna foreldrum og þeir áttu að kvitta fyrir. Markmiðið var að tengja saman heimili og skóla og reyndist þetta fyrirkomulag vel, nokkrir foreldrar kvittuðu hins vegar ekki fyrir að hafa rýnt í verkefnið með barninu og það þarf að bæta enda hvílir ábyrgð og skyldur gagnvart náminu einnig á foreldrum.

**Þroskalisti leikskólastigs** var fylltur út en markmiðið með honum er að skoða þroskastöðu og hæfni og staðsetja börn samkvæmt viðmiðun. Fyrir þau börn sem voru ekki aldursamsvarandi (víkja frá meðal viðmiðunarfærni) í einhverjum þáttum var gerð áætlun um íhlutun og komið til móts við þau í hópastarfi.

## Desember

**Viðhorfskönnun meðal foreldra** var send út rafrænt þar sem stjórnendur skólans könnuðu hvernig viðhorf til ýmissa þátta væru eftir fyrstu skref nýs skóla. Spurt var um heimasíðuna, upplýsingagjöf í upphafi skólans, samskipti við starfsfólk, um stjórnendur og fleira. Niðurstöðurnar voru jákvæðar og sýndu að skólastarfið fór vel af stað, sumir foreldrar voru óöryggir með eitt og annað varðandi nýjan skóla sem er eðlilegt þar sem margt var ekki vitað þar sem tvö skólastig voru í fyrsta sinn í Árskógi komin undir eitt þak. Niðurstöðurnar er hægt að skoða [hér á heimasíðu skólans](#).

## Janúar

**Starfsþróunarsamtöl** fóru þannig fram að starfsmaður fékk viðtalsramma viku fyrir viðtal og undirbjó sig og rýndi í sjálfan sig og sitt starf. Markmið samtalsins er að stjórnandi og starfsmaður setjist niður í góðu tómi og ræði um þau atriði sem mikilvæg eru fyrir frammistöðu þeirra beggja og vinnustaðarins. Skólastjóri hitti svo starfsfólk og fór yfir punktana og kom með sína á móti. Almennt taldi starfsfólk sér líða vel í vinnunni og það sæi fram á að vinna á staðnum áfram. Margar góðar og gagnlegar ábendingar komu fram um starfið og fyrstu skref skólans, hvað væri gott og hvað mætti laga strax og enn fremur hvað



þyrfti til til framtíðar til að móta góðan skóla. Hver og einn starfsmaður fór yfir kosti sína og galla, styrkleika, veikleika og möguleika til að þróast áfram í starfi og hvaða endurmenntun þyrfti helst til. Ljóst að slíkt samtal er mikilvægt og gagnlegt til að skoða starf hvers og eins og varpa ljósi á hvar skólinn stendur og hvert hann stefnir.

**Leiðsagnarmat** fyrir nemendur í 1.-7. bekk var unnið í Mentor í lok janúar, kennarar og nemendur sjálfir unnu það mat sitt í hvoru lagi, umsjónarkennarar fylgdu því eftir með **viðtölum við foreldra og barn**. Matsmöppur þar sem nemendur velja í samráði við kennara verkefni í fóru heim og foreldrar áttu að kvitta fyrir. Markmiðið er að foreldrar og barn skoði saman nám barnsins og fari svo yfir með kennara. Allur gangur var á því hvort foreldrar kvittuðu undir en allir mættu í viðtal þar sem farið var yfir stöðu náms. Viðtölin gengu vel og almenn ánægja en einnig komu fram margar ábendingar um skólastarfið til að skólinn geti gert enn betur.

## Febrúar

**Hljóm 2** endurtekið á því barni sem kom út með mjög slaka færni. Niðurstaðan var sú að barnið færðist upp í góða færni og því hefur vinnan sem sett var af stað skilað tilætluðum árangri.

**Proskalistar leikskólastigs**, farið sérstaklega yfir ákveðin börn og staðan endurmetin.

## Mars

**Starfsmannakönnun fræðsluviðs** var rafræn og [niðurstöður í Árskógarskóla eru á heimasíðu](#). Könnunin kom mjög vel út m.a. sögðu 100% starfsfólks að þeim líði vel í vinnunni og að jákvæðni ríki í hópnum. Allir voru sammála (80%) eða frekar sammála (20%) að gott væri að leita til stjórnenda. 90% töldu álag í starfi hæfilegt en einn (10%) var frekar ósammála en allir voru tilbúnir að leggja mikið á sig þegar þörf krefur. Flestir hrósa og fá hrós en stjórnendur mættu gera meira af því að hrósa þó flestir telji sig fá hrós fyrir vel unnin störf. Allir töldu upplýsingaflæði gott. Allir töldu skólann hafa góða ímynd út á við og voru stoltir af sínum skóla. Sem sagt, mjög ásættanlegar niðurstöður sem gefa byr í seglin en jafnframt gagnlegar ábendingar um hvað þarf að bæta.

## Apríl

**Skólapúlsinn**, sjá fyrri umfjöllun

**Foreldrakönnun fræðsluviðs** var framkvæmd og niðurstöður fyrir Árskógarskóla voru afar jákvæðar. Þær er að finna [hér á heimasíðu skólans](#). Foreldrar virðast sammála um það að skólinn hafi farið vel af stað, upplýsingaflæði er gott en má t.d. bæta með vikupóstum kennara úr Mentor, stjórnendur og starfsfólk eiga góð samskipti við foreldra. Allir foreldrar voru sammála eða frekar sammála um það að barninu þeirra liði vel í skólanum, allir sögðust vera ánægðir með skólann, allir töldu starfsfólk koma til móts við þarfir barns, allir töldu gott að leita til stjórnenda, allir töldu upplýsingaflæði frá skólanum gott en bent var á leiðir til að gera enn betur eins og vikupósta frá kennurum. 90% töldu sig fá nægar upplýsingar um náms- eða þroskastöðu barns en bentu jafnframt á leiðir til að bæta þær. Skólinn er í vinnu við náms- og þroskamát svo þar eru tækifæri til að gera enn betur. Þær upplýsingar sem skólinn fékk úr þessari könnun hafa þegar verið nýttar til úrbóta og jákvæð niðurstaða hefur hvatt starfsfólk áfram og til að gera enn betur.

## Mái

**Foreldraviðtöl leikskólastigs.** Ákveðið var að hópstjórar tækju viðtöl við foreldra barna í þeirra hóp. Deildarstjóri veitti stuðning ófaglærðra við skrif á viðtölunum. Viðtölin voru skrifuð með stuðningi af **proskalistum** sem fylltir voru út yfir árið og almennt um stöðu barnsins. Foreldrum voru einnig kynntar nýjungar svo sem persónumöppur barnsins og sjálfsmat barnanna á námi sínu í skólanum.

**Matsdagar grunnskólastigs og vitnisburður í Mentor.** Nemendur unnu ýmsar kannanir, völdu verkefni í matsmöppuna sem fór heim í þriðja sinn. Nemendur völdu svo verkefni úr matsmöppunni og færðu yfir í ferilmöppu sem er stór mappa sem fylgir þeim allan tímann í Árskógarskóla. Vitnisburður var settur inn í Mentor samkvæmt nýju námsmatskerfi aðalnámskrár, hann prentaður út og afhentur á skólaslitum. Vitnisburður er mat kennara á starfi vetrarins. Fylgiskjal með vitnisburði fór með til útskýringar en það má skoða hér að neðan í smækkaðri mynd:

Á vitnisburðarblaði er að finna mat á starfi og frammistöðu nemandans yfir skólaárið. Það mat byggist m.a. á:

- Hæfni nemanda, leikni og skilningi innan hvers námssviðs eða námsgreinar m.t.t. settra markmiða (kannanir, próf ofl.).
- Gögnum sem safnað er yfir skólaárið og er m.a. að finna í matsmöppum nemenda.
- Vinnusemi og dugnaði; Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
- Sköpun og frumkvæði; Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöðum og úrvinnslu.

## Sjálfsmatskýrsla Árskógarskóla 1. starfsár 2012-2013

- Ábyrgð og mat; Hæfni nemanda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.
- Tjáning; Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- Almennri umsógn kennara eftir því sem við á.

Í nýrri aðalnámskrá er kynntur til sögunnar nýr matskvarði sem skólum ber að nota en hver með sinni útfærslu þó. Árskógarskóli nýtir kvarðann fyrst vorið 2013 og taflan að neðan skýrir hvað er á bakvið hvern bókstaf. Hæfni nemenda í hverri námsgrein/námssviði er metin með tilliti til settra markmiða með hliðsjón af eftirfarandi kvarða, samanber ákvæði nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Enn fremur nýtum við leiðsagnarmatstexta frá janúar til skýringar hvers bókstafs um framvindu náms.

Kvarði	Námssvið	Framvinda náms
<b>A</b>	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Til fyrirmyndar
<b>B</b>	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Góð framvinda
<b>C</b>	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Þarf að taka sig á
<b>D</b>	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Þarfnast verulegra úrbóta

### Júní

**SVÓT greining** starfsfólks fór fram þar sem starfsfólk greindi starfsemi skólans; styrkleika, veikleika, ógnanir, tækifæri og kom með umbótatillögur. Helstu niðurstöður eru þessar:

**Styrkleikar:** Góður starfsandi, sveigjanleiki, góðir stjórnendur, góð samvinna allra, gengur vel að leysa úr vandamálum, gott að hafa tvö skólastig undir sama þaki og þá fleiri starfsmenn því það er alltaf hægt að fá aðstoð ef eitthvað kemur fyrir, lítill og fámennur skóli og góð samskipti, aldursblöndun sem eykur hjálpsemi og tillitssemi, nálægð við náttúru, sterk tengsl við nærsamfélag, lausnamiðaður skóli og starfsfólk, stuðningur og jákvæðni frá skólasamfélagi og fræðslufirvöldum, áhugasamt starfsfólk, frábær börn og foreldrar.

**Veikleikar:** Vantar þínu meira skipulag og samræmdar reglur, vantar fleiri börn, breitt bil milli nemenda í námshópum, betra utanumhald og skýrari rammi á þemadögum, bæta þarf aðstöðu til list- og verkgreinakennslu og gera verkfæri og hluti sýnilegri og aðgengilegri,

vantar meiri sameiginlegan tíma starfsfólks til skipulagningar og stefnumótunar, ónýtt gólf í íþróttahúsi.

**Ógnanir:** Umferð kringum skólann, fólksfækkun á svæðinu ógnar almennt tilveru skóla í Árskógi, fækkun barna myndi þýða fækkun starfsfólks, mörg verkefni í einu.

**Tækifæri:** Nýta umhverfið/náttúruna meira og á markvissan hátt til útikennslu, aldursblöndun leik- og grunnskólastigs má nýta betur og markvissar, meiri samvinna kennara á grunnskólastigi, kynna skólann betur sem raunhæfan og góðan kost fyrir börn úr öllu sveitarfélaginu.

**Umbótatillögur:** Meiri kennslu í umhverfismálum og Grænánaverkefnum, auka samvinnu og tengsl starfsfólks skólastiganna, auka samfellu í námi barnanna á tveimur skólastigum, meira samráð allra og undirbúning í nýjum skóla, ástarvika til að búa til fleiri börn sem koma svo í skólann, húsvörður sem sinnir ýmsum verkefnum í skóla og félagsheimili.

## Lokaorð

Eftir fyrsta starfsár nýs skóla tveggja skólastiga er ljóst að mat á skólastarfinu hefur verið nokkuð fjölbreytt og náð til flestra þeirra þátta sem er að finna í [stefnuskjali skólans](#) þ.e. **skólasamfélag, innra starf, mannauður, fjármál**. Það mat sem hefur verið framkvæmt hefur almennt gengið vel og niðurstöður hvað skólann varðar (umgjörð, upplýsingar, nám og kennsla, samskipti ofl.) og fyrstu skrefin eru mjög jákvæðar jafnframt sem margar góðar tillögur liggja fyrir. Náms- og þroskamát skólans er í þróun en er nú þegar nokkuð viðamikil og upplýsandi en þar eru þó mikil sóknarfæri.

Þegar allt er tekið saman er óhætt að segja að mat á skólastarfi, innra mat, er virkt og gefur góðar upplýsingar, matsáætlun var fylgt og hún hefur nú verið endurbætt og bætt við matsþáttum fyrir annað starfsár skólans. Niðurstöður mats á skólastarfinu gefa skólanum byr undir báða vængi og gefa til kynna að halda skuli áfram með það sem vel hefur gengið og gera enn betur en jafnframt eru tækifæri til að laga það sem síður gekk. Allar upplýsingar sem fengust og settar eru fram í þessari skýrslu eru og verða nýttar til skólaþróunar og uppbyggingar lærdómssamfélags þar sem allir eiga sinn stað og hafa sitt að segja.